

Jafnréttisstefna Límtré Vírnets ehf 2020 - 2025

Jafnréttisáætlun Límtré-Vírnets ehf. byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Markmiðið er að tryggja starfsfólki réttindin sem kveðið er á um í 6. gr. og 12 – 14. gr. laganna.

Límtré Vírnet ehf stefnir markvisst að jafnrétti hjá fyrirtækinu óháð aldri, kyni, kynhneigð, kynvitund, þjóðerni, litarhafti, trú eða stjórnmalaskoðunum. Þá leggur fyrirtækið áherslu á að styrkja stöðu eldra fólks, fólks með fötlun og fólks af erlendum uppruna á vinnumarkaði.

Þetta er í samræmi við starfsmannahandbók fyrirtækisins frá júní 2014 en þar kemur fram að:

„Við mismunum hvorki samstarfsfólki né viðskiptavinum eftir aldri, fötlun, kynferði, kynhneigð, kynþætti, stjórnmalaskoðunum, trú eða þjóðerni“.

Við leggjum áherslu á að allir starfsmenn njóti sömu tækifæra og hafi sama rétt til:

- **Auglýstra starfa**
- **Starfspróunar og endurmenntunar**
- **Samræmingar vinnu og einkalífs**
- **Sömu laun fyrir sömu vinnu**
- **Framkomu, við komum eins fram við alla!**

Það sem kemur fram hér að ofan hefur verið og verður markmið fyrirtækisins til að tryggja jafna stöðu hjá fyrirtækinu.

Auglýsingar

Í atvinnuauglýsingum skuli störf ávallt ókyngreind og allir hvattir til að sækja um störf.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Lausar stöður skulu standa öllum til boða	Auglýst störf ókyngreind og allir hvattir til að sækja um	Ábyrgðaraðili ráðninga	Alltaf
Kynjablandaður vinnustaður	Ef á annað kynið hallar skal gæta að jafnréttissjónarmiði við nýráðningar eða tilfærslur í störfum til að rétta hlut þess kyns sem á hefur hallað.	Ábyrgðaraðili ráðninga	Alltaf

Starfspróun og endurmenntun

Allir starfsmenn Límtré Vírnets skulu njóta sömu tækifæra til endurmenntunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni einstaklingsins.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfspróun og framgangur í starfi skal vera óháð kyni.	Hvetjum alla starfsmenn til að sækja um laus störf	Ábyrgðaraðili ráðninga og mannauðsstjóri	Alltaf
Öll starfsþjálfun og námskeið skulu vera aðgengileg öllu starfsfólki.	Allir starfsmenn hvattir til að sækja námskeið á vinnustað sem og utan hans.	Mannauðsstjóri	Alltaf

Samræming vinnu og einkalífs

Starfsmönnum fyrirtækisins skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu eftir því sem við verður komið og þörf er á. Gera skal ráð fyrir að allir njóti sveigjanleika til að sinna fjölskyldu sinni.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs	Starfsfólk skal eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem unnt er.	Yfirmaður deildar	Alltaf
Hvetja starfsmenn til að nýta rétt til fæðingarorlofs og leyfis vegna veikinda barna.	Kynna starfsmönnum réttindi og skyldur sem þeir hafa í þessum eignum	Mannauðsstjóri	Þegar aðstæður koma upp.

Kjaramál

Fyrirtækið greiðir starfsmönnum sömu laun fyrir sömu vinnu.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Ákvörðun launa og annarra starfskjara skal ekki fela í sér kynjamismun.	Greina skal árlega laun og aðra umbun starfsmanna í jafnlaunaúttekt. Við ráðningu og framgang í starfi skal þess gætt að einstaklingum sé ekki mismunað á grundvelli kyns	Mannauðstjóri og yfirmenn deilda	Lokið 1. okt ár hvert

Einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðislegt áreitni.

Kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og einelti er ekki liðið hjá fyrirtækinu.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Einelti, kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni er ekki liðið hjá Límtré Vírnet.	Allar kvartanir verða teknar alvarlega. Verklagsreglum skal fylgt þegar ábending um kynbundið ofeldi, kynbundna áreitni eða kynferðislega áreitni kemur fram. Verklagsreglur er að finna í starfsmanna-handbók fyrirtækisins frá júní 2014, liggur frammi í matsal hverrar starfsstöðvar.	Mannauðstjóri og yfirmenn deilda	Alltaf

Eftirfylgni og endurskoðun

Jafnréttisáætlunin, sem gildir frá 1. september 2020 til 1. september 2025, er kynnt fyrir starfsfólki og birt á heimasíðu fyrirtækisins. Á hverju hausti fara stjórnendur yfir áætlunina og skoðað hvað gengur vel og hvað betur má fara.